


Umsókn um aðgang að gögnum úr gagnagrunni Rannsókna & greiningar

Leiðbeiningar



RANNSÓKNIR & GREINING

Formáli

Rannsóknir & greining ehf. (R&G), Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, 102 Reykjavík, kt 450399-2489, hefur sérhæft sig í rannsóknum á ungu fólki undanfarin ár. Gögn til vísindavinnu og verkefna nemenda í háskólum og má fá hjá Rannsóknum & greiningu, sjá umsóknareyðublað á www.rannsoknir.is

Í leiðbeiningunum er því lýst hvernig á að sækja um að fá að framkvæma sérstaka úrvinnslu úr gagnasetti stofnunarinnar.

Markmið rannsókna R&G er að afla þekkingar um hagi og líðan ungs fólks á Norðurlöndunum, vinna vísindalegar greiningar úr rannsóknunum en einnig hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem starfa á vettvangi ungs fólks. Þekking þessi nýtist til stefnumótunar, við gerð áætlana um gæðapróun í málefnum ungs fólks og í vísindarannsóknum. Í eftirfarandi leiðbeiningunum er því lýst hvernig á að sækja um að gögn til að framkvæmda úrvinnslur úr gagnagrunni rannsóknarinnar.

Þessar leiðbeiningar voru unnar m.a. með hliðsjón af reglum Landlæknisembættisins um útvinnslu gagna, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, reglugerð nr.286/2008 og leiðbeiningum frá Sundhedsstyrelsen í Danmörku (*Vejledning i udtræk fram Sundhedsstyrelsens registre*. Februar 2006).

1 Almennar reglur um aðgang að úrtaki gagna úr gagnasafninu

Reglur þær sem hér eru settar og varða aðgang að úrtaki gagna úr gagnaskrá eiga að tryggja að farið sé með upplýsingar í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Einnig eiga reglurnar að tryggja vandaða nýtingu gagnanna. Gagnaöflun sem reglur þessar gilda um er framkvæmd nafnlaust, án kennitalna og er á allan hátt ópersónurekjanleg. Umsækjendur bera þó ábyrgð á því að afla tilskilinna gagna vegna sinnar rannsóknar ef einhver eru og tilkynna rannsóknina til Persónuverndar.

2 Tegundir úrtaka

Úrtök úr gagnagrunninum eru afhent í formi samandreginna upplýsinga á landsvísu, án skólabreyta, póstnúmera eða sveitarfélaga. Öllum gagnasettum fylgja bakgrunnsbreytur um kyn og aldur.

3 Skilyrði fyrir aðgangi að gögnum úr gagnagrunni

Umfram þau skilyrði sem sett eru í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er gerð krafa um eftirfarandi:

1. Rannsóknarverkefnið skal vera vel afmarkað og skilgreint. Í lýsingu á verkefninu þarf að koma skýrt fram hvaða gögnum úr gagnaskrá er óskað eftir. Sýna þarf fram á nauðsyn gagnanna fyrir rannsóknina
2. Gögnin skulu einungis ná yfir þær breytur og færslur í gagnagrunnunum sem skipta máli fyrir viðkomandi rannsókn. Spurningalista má fá frá Rannsóknnum & greiningu við val á breytum. Listi yfir gagnasett til umsóknar er birtur á heimasíðu R&G eins og hann stendur hverju sinni.
3. Einungis þeir sem tilgreindir eru sem ábyrgðarmenn gagna mega fá gögnin afhent eða nota þau. Ef óskað er eftir því að nota gögnin í öðrum tilgangi skal skila inn nýrri umsókn til Rannsóknna & greiningar. Að rannsókn lokinni skal öllum gögnum eytt og skal það tilkynnt Rannsóknnum & greiningu skriflega.

4. Aðgangur að samkeyrðum gögnum er einungis veittur ef eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:
 - a. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar hefur fengið heimild Persónuverndar til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina. Afrit af heimild Persónuverndar hefur verið sent Rannsóknnum & greiningu ásamt umsókn um úrtak gagna.
5. Geta skal Rannsókna & greiningar sem gagnaöflunaraðila í öllu birtu efni þar sem niðurstöður eru kynntar.
6. Rannsóknnum & greiningu skulu sendar niðurstöður rannsóknar og/eða eintak af útgefnu efni.

4 Leiðbeiningar við gerð umsóknar úr gagnaskrá

Eftirfarandi leiðbeiningar eru settar fram til þess að auðvelda afgreiðslu stofnunarinnar á umsóknum um úrtak gagna úr gagnagrunni vegna rannsókna.

4.1 Lýsing á rannsókn/verkefni

Umsókn um gögn skal fylla út á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem er að finna á vef R&G. Með umsókninni skal fylgja lýsing á verkefninu/rannsókninni ásamt nákvæmri útlistun á því hvaða gögnum er óskað eftir og á hvaða sniði þau skulu vera. Í lýsingu á því hvaða gögnum er óskað eftir skal tilgreina nákvæmlega þær breytur sem þörf er á. Nota skal þá kóða sem tilgreindir eru í lýsingu á gagnagrunnunum sem nálgast má hjá Rannsóknnum & greiningu.

Umsókninni skal fylgja lýsing á rannsókninni. Hún skal innihalda eftirfarandi atriði:

- *Inngang.*

Stutt kynning á fræðasviðinu/efninu ásamt upplýsingum um þær heimildir sem liggja fyrir um efnið.

- *Markmið.*

Eitt eða fleiri markmið. Sett fram á stuttu og hnitmiðuðu máli.

- *Gögn og aðferðir.*

Hvaða gögnum er óskað eftir (telja upp þær breytur sem um ræðir) og hvaða

aðferðir verða notaðar til að greina þessi gögn?

Meðferð og varðveisla gagna.

- *Gera grein fyrir siðferðilegum álitamálum.*
- *Fræðilegt samhengi.*

Hvers er vænst af rannsókninni?

- *Líkurnar á að hægt verði að framkvæma rannsóknina samkvæmt áætlun.*

Hvaða þekkingu hefur umsækjandinn sem leiðir líkur að því að hægt verði að framkvæma rannsóknina?

- *Áætluð verklok rannsókna.*

Hvernig og hvenær verður frumgögnum eytt?

4.2 Gagnasnið (snið úrtaksins)

Gögn frá Rannsóknum & greiningu er hægt að afhenda á ýmsu sniði eftir samkomulagi hverju sinni. Stofnunin leggur áherslu á að lýsing, afmörkun og gagnasnið séu eins vel skilgreind og mögulegt er.

4.3 Meðhöndlun umsóknar

Þegar óskað er eftir aðgangi að úrtaki gagna frá Rannsóknum & greiningu er ferlið eftirfarandi:

Umsókn um úrtak er fyllt út á eyðublaði á vef Rannsókna & greiningar. Tvenns konar umsóknir er um að ræða: a) fyrir vísindamenn, b) fyrir nemendur háskóla.

Undirrituð umsóknin er síðan send R&G ásamt lýsingu á markmiði rannsóknar, spurningum sem óskað er eftir að vinna úr og gagnasniði. Ef umsóknin er fullnægjandi og stofnunin sér ekkert því til fyrirstöðu að umrædd rannsókn fari fram, mun stofnunin, innan þriggja vikna frá móttöku, senda umsækjanda áætlun um afhendingartíma sem og nánari upplýsingar um framvindu málsins. Rannsóknir & greining hefst fyrst handa við að undirbúa gögnin eftir að ofangreind áætlun hefur verið samþykkt skriflega af umsækjanda og tilskilin leyfi hafa borist stofnuninni, ef við á.

5 Gjaldtaka

Ekkert gjald er tekið fyrir úrtak úr gagnaskrá sem óskað eftir samkvæmt lið 2. Óski umsækjandi hinsvegar eftir nánari greiningu gagnanna fyrir afhendingu, og geti R&G tekið að sér þá vinnu, skal greiða tímagjald fyrir þá vinnu, þar með talda ráðgjöf sem er utan við vinnsluna.

6 Frestur til afhendingar á gögnum

Frá því að fullgild umsókn ásamt öllum nauðsynlegum fylgiskjölum berst Rannsóknum & greiningu þar til úrtak er tilbúið geta liðið allt að 8 vikur. Er þá ekki tekið tillit til þess tíma sem aðrir utanaðkomandi aðilar gætu þurft að leggja í vinnsluna.

7 Fyrirspurnir

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til Rannsókna & greiningar á netfenginu rannsoknir@rannsoknir.is

Sjá ennfremur vefsíðuna www.rannsoknir.is

8 Annað

Vísa má í allar skýrslur sem birtast á vef Rannsókna & greiningar www.rannsoknir.is

Þegar vísað er í skýrslur eða heimildir þá vinsamlega getið heimilda með viðeigandi hætti.